

Nefndarsvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is



Reykjavík 6. júní 2024

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vilja koma með umsögn um frumvarp til laga um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar, mál 1131. Samtökin vilja fagna framlagningu þessa ágæta frumvarps enda mikilvægt skref til að stuðla að uppbyggingu atvinnustarfsemi í Grindavíkurbæ.

Mikilvæg atvinnustarfsemi í dreifbýli Grindavíkurbæjar fellur utan gildissviðs frumvarpsins

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur m.a. fram:

Frumvarpið er hluti af stuðningsaðgerðum stjórnvalda sem miða að því að skapa forsendur fyrir öruggari framtíð fyrir Grindvíkinga. Í frumvarpinu felst möguleiki á fjárhagsaðstoð til handa rekstraraðilum sem verða fyrir meiri háttar óbeinu tjóni á matvælum og fóðri sem rekja má til þeirra náttúruhamfara sem nú geisa í Grindavík.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram:

Fjárhagsaðstoð vegna tjóns skv. 1. mgr. verður aðeins veitt hafi tjón orðið innan þéttbýlismarka Grindavíkurbæjar eins og þau eru skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélagsins við gildistöku laganna.

Utan þéttbýlis (dreifbýli) Grindavíkurbæjar eru fyrirtæki sem er skylt að hlíta sömu takmörkunum og/eða lokunarskilyrðum og fyrirtæki innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins. Um er að ræða fyrirtæki sem eru í samkeppni við önnur fyrirtæki innan þéttbýlismarka Grindavíkurbæjar. Ef frumvarpið verður samþykkt þá fellur fyrirtækið sunnan ákveðnar línu innan gildissviðs frumvarpsins en hin fyrirtækin, innan sveitarfélagsins Grindavíkur, sem eru norðan við sömu línu falla utan gildissvið frumvarpsins. Úr þessu þarf að bæta því með óbreyttu eru stjórnvöld að mismuna fyrirtækjum sem eru að verða fyrir sömu takmörkunum og/eða lokunarskilyrðum enda eru umrædd fyrirtæki innan sveitarfélags Grindavíkur, þó svo vilji til að þau séu staðsett utan þéttbýlis.

Samtök ferðaþjónustunnar leggja því til að 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins verði breytt á þá vegu að það verði með eftirfarandi hætti:

Fjárhagsaðstoð vegna tjóns skv. 1. mgr. verður aðeins veitt hafi tjón orðið innan sveitarfélagsins Grindavíkurbæjar

Samtök ferðaþjónustunnar leggja til að Alþingi samþykki umrætt frumvarp að teknu tilliti til ofangreindra tillagna.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri